


## Háaleitisbraut 151-159 - Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

Lögð fram fyrirspurn Daniels Friðrikssonar, dags. 24. nóvember 2023, um að færa innkeyrslu á bílastæði lóðarinnar nr. 151-159 við Háaleitisbraut, samkvæmt skissu, ódags. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnastjóra.



Tillaga fyrirspyrjanda



Mynd af núverandi innkeyrslu

### Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin á íbúðarsvæði.

Deiliskipulag/ Hverfisskipulag: Í gildi er deiliskipulagið “ Háaleitisbraut-norðaustur “ samþykkt í borgaráði dags. 26. febrúar 1963.

### Umsögn

Frá umferðaröryggissjónarmiði er ekkert sem mælir gegn færslu innkeyrslunnar, ekki er gerð skipulagsleg athugasemd við að færa innkeyrsluna. Það er ljósastaur sem er í staðsetningu nýrrar innkeyrslu sem líklegast þarf að færa um 1 eða 2 m samanber skissu fyrirspyrjanda. Lóðarhafi kemur til með að þurfa greiða fyrir kostnað á færslu innkeyrslunnar og ljósastauraðsins.

Fullnaðarhönnun verður að vera í samstarfi við skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, og framkvæmdir í borgarlandinu þarf að gera í samtali og samstarfi við skrifstofu framkvæmda og viðhalds.

### Niðurstaða

Jákvætt samanber umsögn hér að ofan.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Valný Aðalsteinsdóttir, arkitekt og verkefnastjóri